

ÁLYKTUN

Enn á ný skorar ársfundur Starfsgreinasambands Íslands, haldinn á Akureyri 6. og 7. október árið 2005 á Alþingi að fullgilda á yfirstandandi þingi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuáráðinu og tryggja með því íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annara vestrænna þjóða. Núverandi ástand er óþolandi og því verður að breyta sem fyrst. Fundurinn minnir á að ályktun um sama efni var samþykkt á ársfundi Starfsgreinasambandsins á árinu 2004.